

viðbótarÆFING:

LABB-RABB Í GRENNDINNI.

MARKMIÐ

Að starfsfólkið gangi um nágrennið til að komast að því hvaða möguleika það hefur að geyma t.d. varðandi fundarstaði, verkefni og upplifanir sem hægt er að hugsa inn í foreldrasamstarfið. Þið getið líka skoðað kort af hverfinu og fara í ímyndaða ferð.

SVONA GERIÐ ÞIÐ:

Farið í gönguferð þar sem þið skoðið saman þá möguleika, staði, upplifanir, samstarfsaðila og bjargir sem er að finna í nágrenninu og sem hægt er að nýta til að skipuleggja verkefni fyrir börn og foreldra. Á göngunni getið þið t.d. talað um:

- Að hvaða gæðum höfum við aðgang? T.d. leikvöllum, nágrönnum, bókasafni, skóla, fyrirtæki, grænum svæðum?
- Hvaða tómstundamöguleikar bjóðast barnafjölskyldum í hverfinu?
- Hvaða verkefnum gætum við komið af stað í samstarfi við aðra í hverfinu? T.d. flóamarkað, leikhús.

SAMANTEKT

Þegar þig komið aftur úr gönguferðinni getið þið rætt saman, tvö og tvö eða í hópum um þær hugmyndir sem þið fenguð. Þið getið skráð á eyðublaðið *Virkir foreldrar* í æfingunni hér á undan, þegar þið skipuleggið tiltekið verkefni.

TILLÖGUR:

Þið geti líka farið í labb-rabb með foreldraráðinu/stjórn foreldrafélagsins eða með minni hópum á foreldrafundi.